

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1935/95**frá 22. júní 1995****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum(*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽⁴⁾ hefur framkvæmdastjórnin fengið sérstakt umboð til að endurskoða ýmis ákvæði þeirrar reglugerðar fyrir 1. júlí 1994 og til að koma með viðeigandi tillögum um endurskoðun hennar.

Það hefur komið í ljós að lengja þarf gildistíma ákvæðanna, sem falla úr gildi 1. júlí 1995, um merkingu landbúnaðarafurða og matvæla sem hafa innihaldsefni úr landbúnaði framleitt af framleiðendum, sem eru að hverfa til lífrænna búskaparháttá, til þess að gera þeim kleift að fá viðbótarkostnað vegna framleiðslu sinnar viðurkenndan með viðeigandi merkingu afurðanna.

Endurskoðun 5., 10. og 11. greinar, sem ráðið óskaði eftir fyrir 1. júlí 1994, hefur leitt í ljós að nauðsynlegt er að gera nokkrar tækni- og orðalagsbreytingar á þessum greinum og tilteknum öðrum ákvæðum til þess að tryggja rétta meðferð og framkvæmd reglugerðarinnar. Megináherslan hefur því verið lögð á að breyta þessum reglum og fresta ber um sinn setningu reglna um búfjárframleiðslu.

Við endurskoðunina hefur komið í ljós að gera þarf endurbætur á ákvæðum um merkingar matvæla, sem eru aðeins að hluta til tilreiddar úr lífrænt framleiddum innihaldsefnum úr landbúnaði, til þess að leggja megi meiri áherslu á þann hluta þessara matvæla sem er framleiddur með lífrænum hætti.

Einnig hefur komið í ljós að merkingar með ábendingum, sem kveðið er á um í V. viðauka, ættu áfram að vera valkvæðar en um leið, til þess að koma í veg fyrir að slíkar merkingar séu misnotaðar, aðeins leyfilegar við sölu matvæla í neytendaumbúðum eða beina sölu framleiðanda eða vinnslustöðvar til neytanda, að því tilskildu að hægt sé að bera kennsl á eðli afurðarinnar með öruggum hætti.

Þá hefur enn fremur komið í ljós að sækja ber fjölgunarefni til lífrænt ræktaðra plantna, jafnframt því sem nauðsynlegt er að hafa undanþágukerfi til þess að gera framleiðendum kleift að nota á aðlögunartímabili fjölgunarefni sem eru framleidd með hefðbundnum hætti, enda sé viðeigandi lífrænt framleitt fjölgunarefni ófáanlegt.

Af sömu ástæðum skal á aðlögunartímabili vera heimilt að nota heilar unglöntur sem eru ræktaðar með hefðbundnum hætti og eru ætlaðar til plöntunar með plöntuframleiðslu í huga.

Það hefur komið í ljós að nokkrar afurðir, sem voru notaðar áður en reglugerð (EBE) nr. 2092/91 var samþykkt í samræmi við reglur um góðar starfsvenjur í lífrænum búskap sem hefð er fyrir í bandalaginu, hafa ekki verið teknar upp í II. viðauka reglugerðarinnar. Heimila ber notkun þessara afurða að því gefnu að notkun þeirra sé einnig heimilud í hefðbundnum landbúnaði.

Rétt er að láta það koma greinilega fram í reglugerðinni að ákvæði um eftirlitskerfi gilda einnig um innflytjendur frá þriðju ríkjum með staðfestu í Evrópusambandinu.

Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 186, 5. 8. 1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/97 frá 31. júlí 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 326, 3. 12. 1993, bls. 8.

(2) Stjtið. EB nr. C 128, 9. 5. 1994, bls. 112.

(3) Stjtið. EB nr. C 148, 30. 5. 1994, bls. 24.

(4) Stjtið. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

1. Í 2. mgr. 1. gr. komi dagsetningin „30. júní 1995“ í stað „1. júlí 1992“.
2. Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 4. gr.:

„2. „framleiðsla“: starfsemi á bújörð sem felst í framleiðslu, þökkun og frummerkingu vara sem lífrænt ræktaðar landbúnaðarafurðir framleiddar á viðkomandi bújörð;“.
3. Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 4. gr.:

„3. „tilreiðsla“: varðveisla og/eða vinnsla landbúnaðarafurða og einnig þökkun og/eða breytingar gerðar á merkingum sem gefa til kynna að um sé að ræða lífræna ræktun á fersku, varðveittu og/eða unnu afurðunum;“.
4. Eftirfarandi komi í stað 6. mgr. 4. gr.:

„6. „innihaldsefni“: efni, þar með talin aukefni, notuð við tilreiðslu afurðanna sem eru tilgreindar í b-lið 1. mgr. 1. gr., eins og þau eru skilgreind í 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 79/112/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda;“.
5. Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 4. gr.:

„9. „matvæli í neytendaumbúðum“: vörueining skilgreind í b- lið 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 79/112/EBE;
10. „innihaldslýsing“: innihaldslýsingin sem um getur í 6. gr. tilskipunar 79/112/EBE.“.
6. Í 2. gr., b-lið 1. mgr. 5. gr., a-lið 9. mgr. 9. gr., b-lið 1. mgr. 11. gr., a-lið 2. mgr. 11. gr. og a-lið 6. mgr. 11. gr. komi „6. gr.“ í stað „6. og 7. gr.“.
7. Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 5. gr.:

„d) að því er varðar afurðir sem eru tilreiddar eftir 1. janúar 1997, nafn og/eða kenninúmer eftirlitsyrivalda eða -aðila, sem annast eftirlit hjá viðkomandi atvinnurekanda, kemur fram í merkingunni. Aðildarríkin ákveða hvort krafist skuli nafns og/eða kenninúmers og tilkynna framkvæmdastjórninni um það;“.

8. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. falli niður.

9. Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 5. gr.:

„3. Einungis er heimilt í vörulýsingu afurðar að vísa til lífrænna framleiðsluaðferða í merkingu og auglýsingu afurðar, sem er tilgreind í b-lið 1. mgr. 1. gr., ef:

- a) að minnsta kosti 95% af innihaldsefnum afurðarinnar úr landbúnaði eru afurðir, eða fengin úr afurðum, sem eru framleiddar í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. eða innfluttar frá þriðju löndum samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr.;
- b) öll önnur innihaldsefni afurðarinnar úr landbúnaði eru skráð í C-þætti VI. viðauka eða aðildarríki hefur heimilað notkun þeirra til bráðabirgða í samræmi við framkvæmda-ráðstafanir sem kunna að hafa verið samþykktar á grundvelli 7. mgr.;
- c) afurðin inniheldur einungis efni, sem eru talin upp í A-þætti VI. viðauka, sem innihaldsefni af öðrum toga en úr landbúnaði;
- d) afurðin eða innihaldsefni hennar úr landbúnaði, sem um getur í a-lið, hafa ekki verið meðhöndluð með efnum sem eru ekki talin upp í B-þætti VI. viðauka;
- e) afurðin eða innihaldsefni hennar hafa ekki hlotið meðferð sem felur í sér jónandi geislun;
- f) afurðin er tilreidd eða innflutt af atvinnurekanda sem ber að lúta eftirlitsráðstöfunum sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr.;
- g) að því er varðar afurðir sem eru tilreiddar eftir 1. janúar 1997, nafn og/eða kenninúmer eftirlitsyrivalda eða -aðila, sem annast eftirlit hjá þeim atvinnurekanda sem hefur annast síðasta áfanga í framleiðslu- eða tilreiðsluferlinu, kemur fram í merkingunni. Aðildarríkin ákveða hvort krafist skuli nafns og/eða kenninúmers og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Í ábendingum þar sem vísað er til lífrænna framleiðsluaðferða skal koma skýrt fram að um sé að ræða aðferð í landbúnaðarframleiðslu og þeim skal fylgja vísun til viðkomandi innihaldsefna úr landbúnaði, nema slík tilvísun komi greinilega fram í innihaldslýsingunni.“.

10. Eftirfarandi komi í stað 4. mgr. 5. gr.:

„4. Einungis er heimilt að bæta innihaldsefnum úr landbúnaði í C-þátt VI. viðauka hafi verið sýnt fram á að þau séu úr landbúnaði og ekki framleidd í nægilegu magni í

bandalaginu í samræmi við reglurnar í 6. gr. eða ekki sé unnt að flytja þau inn frá þriðju löndum í samræmi við reglurnar í 11. gr.“.

11. Eftirfarandi komi í stað 5. mgr. 5. gr.:

„5. Heimilt er að á afurðum, sem eru merktar eða auglýstar í samræmi við 1. eða 3. mgr., séu merkingar með ábendingum þess efnis að horfið sé til lífrænna framleiðsluaðferða, að því tilskildu að:

- a) kröfurnar, sem um getur í 1. eða 3. mgr., séu í einu og öllu uppfylltar, að þeirri undanskilinni sem tekur til lengdar breytingartímabilsins sem um getur í 1. mgr. I. viðauka;
- b) að minnsta kosti 12 mánaða breytingartímabil hafi verið virt fyrir uppskeru;
- c) viðkomandi merkingar villi ekki um fyrir kaupanda afurðarinnar að því er lýtur að mismun milli hennar og afurða sem uppfylla allar kröfur 1. eða 3. mgr. Eftir 1. janúar 1996 skulu merkingarnar vera með orðalaginu „framleitt á breytingartímabili þar sem horfið er til lífrænna búskaparháttá“ og birtar í lit og leturstærð og -gerð sem eru ekki meira áberandi en vörulýsing afurðarinnar; óheimilt er að orðin „lífrænna búskaparháttá“ séu meira áberandi en orðin „framleitt á breytingartímabili þar sem horfið er til“;
- d) í afurðinni sé aðeins eitt innihaldsefni úr landbúnaði;
- e) að því er varðar afurðir sem eru tilreiddar eftir 1. janúar 1997, nafn og/eða kenninúmer eftirlitsyfirvalda eða -aðila, sem annast eftirlit hjá þeim atvinnurekanda sem hefur annast síðasta áfanga í framleiðslu- eða tilreiðsluferlinu, komi fram í merkingunni. Aðildarríkin ákveða hvort krafist skuli nafns og/eða kenninúmers og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.“.

12. Í 5. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við á eftir 5. mgr.:

„5a. Með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. er einungis heimilt að vísa til lífrænna framleiðsluaðferða í merkingu og auglýsingu afurðar, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr., ef:

- a) að minnsta kosti 70% af innihaldsefnum afurðarinnar úr landbúnaði eru afurðir, eða fengin úr afurðum, sem eru framleiddar í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. eða innfluttar frá þriðju löndum samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr.;
- b) öll önnur innihaldsefni afurðarinnar úr landbúnaði eru skráð í C-þætti VI. viðauka eða aðildarríki hefur heimilað notkun þeirra til bráðabirgða í samræmi við framkvæmdaráðstafanir sem kunna að hafa verið samþykktar á grundvelli 7. mgr.;

c) ábendingar, þar sem vísað er til lífrænna framleiðsluaðferða, koma fram í innihaldslýsingunni og ljóst er að þær eiga einungis við um þau innihaldsefni sem fengin eru í samræmi við reglurnar í 6. gr. eða innflutt frá þriðju löndum samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr.; þær eru í sama lit og leturstærð og -gerð er hin sama og í öðrum merkingum með ábendingum í innihaldslýsingunni. Einnig ber að birta þessar ábendingar í sérstakri yfirlýsingu sem skal sjást í sama sjónsviði og vörulýsingin og hafa að geyma upplýsingar um hve hátt hundradshlutfall innihaldsefnanna, sem eru úr landbúnaði eða eiga rætur að rekja til landbúnaðar, hefur verið framleitt í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 6. gr. eða innflutt frá þriðju löndum samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr. Óheimilt er að birta yfirlýsinguna í lit og leturstærð og -gerð sem eru meira áberandi en vörulýsing afurðarinnar. Yfirlýsingin skal vera svohljóðandi: „X% af innihaldsefnum úr landbúnaði voru framleidd í samræmi við reglur um lífræna framleiðslu“;

- d) afurðin inniheldur einungis efni, sem eru talin upp í A-þætti VI. viðauka, sem innihaldsefni af öðrum toga en úr landbúnaði;
- e) afurðin eða innihaldsefni hennar úr landbúnaði, sem um getur í a-lið, hafa ekki verið meðhöndluð með efnum sem eru ekki talin upp í B-þætti VI. viðauka;
- f) afurðin eða innihaldsefni hennar hafa ekki hlotið meðferð sem felur í sér jónandi geislun;
- g) afurðin er tilreidd eða innflutt af atvinnurekanda sem ber að lúta eftirlitsráðstöfunum sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr.
- h) að því er varðar afurðir sem eru tilreiddar eftir 1. janúar 1997, nafn og/eða kenninúmer eftirlitsyfirvalda eða -aðila, sem annast eftirlit hjá þeim atvinnurekanda sem hefur annast síðasta áfanga í framleiðslu- eða tilreiðsluferlinu, kemur fram í merkingunni. Aðildarríkin ákveða hvort krafist skuli nafns og/eða kenninúmers og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.“.

13. Eftirfarandi komi í stað 6. mgr. 5. gr.:

„6. Á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 1997 er heimilt að vísa til þess í merkingum og auglýsingum á afurð, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr., sem er tilreidd að hluta úr innihaldsefnum sem fullnægja ekki kröfunum í a-lið 3. mgr., að um lífrænar framleiðsluaðferðir sé að ræða, að því tilskildu að:

- a) að minnsta kosti 50% af innihaldsefnum úr landbúnaði uppfylli kröfurnar í a-lið 3. mgr.;
- b) afurðin uppfylli kröfurnar í c-, d-, e- og f-lið 3. mgr.;
- c) ábendingar sem lúta að lífrænum framleiðsluaðferðum:
- birtist einungis í innihaldslýsingunni sem kveðið er á um í tilskipun 79/112/EBE, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/395/EBE,
 - eigi ótvírætt einungis við um þau innihaldsefni sem eru framleidd í samræmi við reglurnar sem um getur í 6. gr. eða innflutt samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 11. gr.;
- d) innihaldsefni og magn hvers efnis um sig sé tilgreint eftir minnkandi magni í innihaldslýsingunni;
- e) ábendingar í innihaldslýsingunni séu prentaðar í sama lit og leturstærð og -gerð sé hin sama.“
14. Eftirfarandi komi í stað fyrsta undirliðar 8. mgr. 5. gr.:
- „8. Í A-, B- og C-þætti VI. viðauka skal setja ákvæði um takmarkandi skrár yfir efni og afurðir, sem um getur í b-, c- og d-lið 3. mgr. og b-, d- og e-lið 5. mgr. a, í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr.“
15. Eftirfarandi komi í stað 9. mgr. 5. gr. og 10. og 11. mgr. bættist við:
- „9. Beita ber reglunum, sem kveðið er á um í 6. og 7. gr. tilskipunar 79/112/EBE, við útreikninga á hundradstölunum sem um getur í 3. og 6. mgr.
10. Afurð, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., má ekki hafa hvort tveggja í senn innihaldsefni framleitt samkvæmt reglunum í 6. gr. og sama innihaldsefni framleitt samkvæmt öðrum reglum.
11. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða ákvæði þessarar greinar og 10. gr. fyrir 1. janúar 1999 og leggja fram viðeigandi tillögur með hugsanlega endurskoðun í huga.“
16. Eftirfarandi komi í stað 6. gr.:
- „6. gr:
1. Lífræn framleiðsluaðferð felur í sér að við framleiðslu afurða samkvæmt a-lið 1. mgr. 1. gr., annarra en fræja og plöntufjölgunarefna:
- a) skuli að minnsta kosti uppfylla skilyrði I. viðauka og, ef við á, nákvæmar reglur þar að lútandi;
- b) sé einungis heimilt að nota afurðir, samsettar úr efnum sem talin eru upp í I. og II. viðauka, sem plöntuvarnarefni, þvottaefni, áburð, jarðvegsnáringu eða í öðrum tilgangi, enda sé hann tilgreindur í II. viðauka að því er varðar tiltekin efni. Einvörðungu er heimilt að nota afurðirnar samkvæmt sérstökum skilyrðum, sem mælt er fyrir um í I. og II. viðauka, og að því tilskildu að tilsvareandi notkun sé leyfð í almennum landbúnaði í viðkomandi aðildarríkjum í samræmi við viðeigandi bandalagsákvæði eða innlend ákvæði sem eru í samræmi við lög bandalagsins;
- c) sé einungis notað fræ eða plöntufjölgunarefni sem er framleitt samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni sem um getur í 2. mgr.
2. Í lífrænu framleiðsluaðferðinni felst að með tilliti til fræja og plöntufjölgunarefna skuli móðurplantan, þegar um er að ræða fræ, og frumplantan eða -plönturnar, þegar um er að ræða plöntufjölgunarefni, hafa verið framleiddar í samræmi við ákvæði a- og b-liðar í málsgreininni hér að framan í að minnsta kosti eina kynslóð eða tvö vaxtartímabil þegar um er að ræða fjölæra uppskeru.
3. a) Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 1. mgr. er heimilt að nota fræ og plöntufjölgunarefni, sem eru ekki framleidd samkvæmt lífrænu framleiðsluaðferðinni, á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2000 og með samþykki viðkomandi lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu, að því tilskildu að notendur slíks plöntufjölgunarefnis geti sýnt viðkomandi eftirlitsaðila eða -yfirvaldi í aðildarríkinu fram á með fullnægjandi hætti að þeim hafi verið ókleift að afla plöntufjölgunarefnis af réttu afbrigði viðkomandi tegundar, sem fullnægir skilyrðum 2. mgr., á markaði í bandalaginu. Í því tilviki skal nota plöntufjölgunarefni, sem hefur ekki verið meðhöndlað með efnum sem eru ekki talin upp í B-þætti II. viðauka, sé það fánlegt á markaði í bandalaginu. Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um leyfi sem eru veitt samkvæmt þessari málsgrein.
- b) Heimilt er að ákveða eftirfarandi samkvæmt málsmeðferðinni í 14. gr.:
- að setja, fyrir 31. desember 2000, takmarkanir að því er varðar aðlögunarráðstafanirnar sem um getur í a-lið með tilliti til tiltekinnar tegunda og/eða gerða plöntufjölgunarefnis og/eða þess að ekki er um kemíska meðhöndlun að ræða,
 - að viðhalda, eftir 31. desember 2000, undanþágunni sem kveðið er á um í a-lið með tilliti til tiltekinnar tegunda og/eða gerða plöntufjölgunarefna og að því er varðar bandalagið í heild eða tiltekna hluta þess,

- að setja starfsreglur og viðmiðanir að því er varðar undanþáguna sem um getur í a-lið og miðlun upplýsinga þar að lútandi til viðkomandi fagfélaga, annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar.

4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða ákvæði þessarar greinar fyrir 31. desember 1999, einkum c-lið 1. mgr. og 2. mgr., og leggja fram viðeigandi tillögur með hugsanlega endurskoðun í huga.“.

17. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 6. gr.:

„6. gr. a

1. Í þessari grein merkir „ungplanta“ heilar unglöntur sem eru ætlaðar til plöntunar með plöntuframleiðslu í huga.

2. Í lífrænu framleiðsluáferðinni felst að noti framleiðendur unglöntur verða þær að hafa verið framleiddar í samræmi við 6. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að nota unglöntur, sem eru ekki framleiddar samkvæmt lífrænum framleiðsluáferðum, á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 1997, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) viðkomandi lögbært yfirvald í aðildarríkinu skal hafa leyft notkunina eftir að notandi eða notendur slíks efnis hafa sýnt viðkomandi eftirlitsaðila eða -yfirvaldi í aðildarríkinu fram á með fullnægjandi hætti að þeim hafi verið ókleift að afla réttis afbrigðis viðkomandi tegundar á markaði í bandalaginu;
- b) eftir sáningu skulu unglönturnar ekki hafa verið meðhöndlaðar með öðrum afurðum en þeim sem eru taldar upp í A og B þætti II. viðauka;
- c) unglönturnar skulu vera frá framleiðanda sem hefur samþykkt eftirlitskerfi, sem jafngildir ráðstöfununum sem mælt er fyrir um í 9. gr., og fallist á að beita þeim takmörkunum sem um getur í b-lið; þetta ákvæði öðlast gildi 1. janúar 1996;
- d) að plöntun lokinni skulu unglönturnar hafa verið ræktaðar í samræmi við ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. 6. gr. í að minnsta kosti sex vikur fyrir uppskeru;
- e) í merkingu afurðar með innihaldsefni úr slíkum unglöntum skal ábendingin sem um getur í 10. gr. ekki koma fram;
- f) með fyrirvara um takmarkanir, sem leiðir af málsmeðferðinni sem um getur í 4. mgr., skal afturkalla öll leyfi, sem eru veitt samkvæmt þessari málsgrein, strax og skortur er ekki lengur fyrir hendi og þau skulu renna út eigi síðar en 31. desember 1997.

4. a) Hafi leyfi, eins og um getur í 3. mgr., verið veitt skal viðkomandi aðildarríki tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um eftirfarandi:

- dagsetningu leyfisins,
- heiti viðkomandi afbrigðis og tegundar,
- nauðsynlegt magn og rök fyrir því,
- tímann sem ætlað er að skortur vari,
- aðrar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin eða aðildarríkin fara fram á.

b) Sýni upplýsingar, sem aðildarríki sendir framkvæmdastjórninni og aðildarríkinu sem veitti leyfið, að viðeigandi afbrigði sé fáanlegt á þeim tíma sem skortur varir skal viðkomandi aðildarríki taka til athugunar að afturkalla leyfið eða stytta gildistíma þess og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þær ráðstafanir, sem það hefur gripið til, innan tíu daga frá því að því berast fyrirnefndar upplýsingar.

c) Senda ber málið til athugunar til nefndarinnar sem um getur í 14. gr. að beiðni aðildarríkis eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar. Heimilt er, í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr., að taka ákvörðun um að afturkalla leyfið eða breyta gildistíma þess.“.

18. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 1. mgr. í 7. gr.:

„1a. Skilyrðin sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu ekki gilda um afurðir sem voru í almennri notkun fyrir samþykkt þessarar reglugerðar í samræmi við reglur um góðar starfsvenjur í lífrænum búskap sem er fylgt í bandalaginu.“.

19. Í 1. mgr. 9. gr. komi „þeir atvinnurekendur sem framleiða, tilreiða eða flytja inn frá þriðju löndum afurðir sem um getur í 1. gr.“ í stað „þeir atvinnurekendur sem framleiða eða tilreiða afurðir, sem um getur í 1. gr.“.

20. Í b-lið 5. mgr. 9. gr. komi „þegar reglur eru ekki virtar og/eða upp kemst um brot“ í stað „þegar reglur eru ekki virtar“.

21. Í c-lið 6. mgr. 9. gr. komi „brigð á reglum og/eða þau brot í stað „þau brot“.

22. Í d-lið 6. mgr. 9. gr. komi „sem mælt er fyrir um í 7., 8., 9. og 11. mgr.“ í stað „sem mælt er fyrir um í 7., 8. og 9. mgr.“.

23. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 6. mgr. í 9. gr.:

„6a. Aðildarríkin skulu úthluta kenninúmeri til allra eftirlitsaðila eða -yfirvalda, sem hafa verið viðurkennd eða tilnefnd í samræmi við ákvæði þessarar greinar, fyrir 1. janúar 1996. Þau skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það. Framkvæmdastjórnin skal birta kenninúmerin í skránni sem um getur í síðustu undirgrein 15. gr.“.

24. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 9. gr.:

„11. Viðurkenndir eftirlitsaðilar skulu, frá 1. janúar 1998 og með fyrirvara um ákvæði 5. og 6. mgr., fullnægja kröfunum sem felast í skilyrðum staðalsins EN 45011 frá 26. júní 1989.“

25. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 10. gr.:

„1. Einungis er heimilt að ábendingin og/eða kennimerkið, sem um getur í V. viðauka, þess efnis að afurðir falli undir hið sérstaka eftirlitskerfi, komi fram í merkingu afurðanna sem um getur í 1. gr., ef afurðirnar:

- eru í samræmi við kröfurnar í 1. eða 3. mgr. 5. gr.;
- hafa heyrt undir það eftirlitskerfi sem um getur í 9. gr. á öllum stigum framleiðslu og tilreiðslu;
- eru seldar beint af framleiðanda eða þeim sem tilreiðir þær til neytenda í lokuðum pakkningum eða markaðssettar sem matvæli í neytendaumbúðum; ef um er að ræða beina sölu til neytenda af hálfu framleiðanda eða þess sem tilreiðir þær er lokaðra pakkninga ekki krafist þegar í merkingum kemur skýrt og afdráttarlaust fram um hvaða afurð er að ræða;
- eru merktar á merkimiðum með nafni og/eða fyrirtækjaheiti framleiðanda, þess sem tilreiðir þær eða seljanda og einnig nafni eða kenninúmeri eftirlitsyfirvalda eða -aðila og á merkimiðum eru þær ábendingar sem er krafist samkvæmt ákvæðum reglugerða um merkingu matvæla í samræmi við löggjöf bandalagsins.“

26. Í a-lið 3. mgr. 10. gr. komi „5. og 6. gr.“ í stað „5., 6. og 7. gr.“.

27. Eftirfarandi komi í stað 5., 6. og 7. mgr. í 10. gr.:

„Almennar fullnusturáðstafanir

10. gr. a

1. Verði aðildarríki þess vart að reglur séu ekki virtar eða að brotið sé gegn framkvæmdarákvæðum þessarar reglugerðar hvað afurð frá öðru aðildarríki áhrærir, sem er með ábendingar eins og um getur í 2. gr. og/eða V. viðauka, skal það tilkynna aðildarríkinu sem tilnefndi eftirlitsyfirvöldin eða viðurkenndi eftirlitsaðilann og framkvæmdastjórninni þar um.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

Ph. VASSEUR

forseti.

2. Aðildarríkin skulu grípa til hvernna þeirra ráðstafana og aðgerða sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir sviksamlega notkun þeirra ábendinga sem um getur í 2. gr. og/eða V. viðauka.“

28. Í a-lið 3. mgr. 11. gr. komi „eftirlitsaðili og/eða eftirlitsyfirvöld“ í stað „eftirlitsyfirvöld“.

29. Í a-lið 6. mgr. 11. gr. komi dagsetningin „31. desember 2002“ í stað „31. júlí 1995“.

30. Eftirfarandi komi í stað síðasta málsliðar í a-lið 6. mgr. 11. gr.:

„Heimildin fellur úr gildi um leið og ákvörðun er tekin um að bæta þriðja landi í skrána sem um getur í a-lið 1. mgr., nema hún taki til afurðar sem kemur frá landsvæði, sem ekki er nánar tilgreint í ákvörðuninni sem um getur í a-lið 1. mgr., og var ekki skoðuð í tengslum við beiðnina sem hlutaðeigandi þriðja land sendi. Þriðja landið skal vera því samþykkt að það fyrirkomulag leyfisveitinga, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, gildi áfram.“

31. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 11. gr.:

„7. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina í 14. gr. og að beiðni aðildarríkis, að viðurkenna eftirlitsaðila þriðja lands sem hlutaðeigandi aðildarríki hefur áður lagt mat á og bæta honum í skrána sem um getur í a-lið 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi þriðja landi um beiðnina.“

32. Eftirfarandi undirliður bætist við framan við fyrsta undirlið í 13. gr.:

„- nákvæmar reglur um beitingu þessarar reglugerðar;“

33. Eftirfarandi komi í stað síðasta undirliðar í 13. gr.:

„- breytingar við V. viðauka í því augnamiði að skilgreina kennimerki bandalagsins sem getur fylgt eða komið í stað ábendingar um að afurðirnar séu í samræmi við eftirlitskerfið.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.